

Yfirlýsing

Takmörkun ábyrgðar í Ævintýralandi Perlunnar

Með yfirlýsingu þessari staðfestir undirritaður og samþykkir eftirfarandi atriði vegna notkunar á tækjum og búnaði í Ævintýralandi Perlunnar, kt. 420616-1470 ehf. að Öskjuhlíð, 105 Reykjavík (hér eftir nefnt „Ævintýraland“ í yfirlýsingu þessari).

1. Viðvera mín innan Ævintýralandsins (þar með talið á lóð Ævintýralandsins) er alfarið á mína eigin ábyrgð og áhættu, hvort sem um er að ræða notkun og/eða athafnir mínar í hvers konar tækjum á vegum Ævintýralandsins eða þátttöku mína í einstökum viðburðum á vegum Ævintýralandsins. Ég mun fara sjálf/sjálfur með ítrustu gát um svæðið, bæði fyrir mig persónulega og aðra gesti svæðisins. Ég gerir mér grein fyrir að hugsanleg ábyrgð Ævintýralandsins gagnvart mér getur eingöngu byggt á saknæmri háttsemi starfsmanna Ævintýralandsins.
2. Ég staðfesti að ég hef fengið kynningu á öryggisatriðum Ævintýralandsins og öðrum mikilvægum þáttum áður en ég notaði aðstöðu Ævintýralandsins.
3. Ég staðfesti að ég mun fylgja leiðbeiningum sem ég fæ á meðan ég er innan veggja Ævintýralandsins eða eru mér sýnilegar innan Ævintýralandsins. Leiðbeiningar og reglur Ævintýralandsins eru til þess að tryggja lágmarkun á þeirri hættu að ég slasist eða meiðist á meðan ég nota tæki, búnað eða aðra aðstöðu Ævintýralandsins.
4. Ég er upplýstur um og samþykki að ég ber ábyrgð á tjóni sem ég veld á tækjum eða öðrum einstaklingum vegna athafna minna eða framkomu sem eru andstæð þeim leiðbeiningum og reglum sem gilda hjá Ævintýralandinu.
5. Ég samþykki að ég ber sjálf/sjálfur ábyrgð á persónulegum munum mínum í Ævintýralandinu, svo sem fjármunum, úri, veski, yfirhöfnum, farsíma o.þ.h. og að Ævintýralandið tekur enga ábyrgð á lausafjármunum í minni eigu sem glatast eða er stolið á svæðum sem Ævintýralandið hefur til afnota.
6. Ég samþykki að hvers konar notkun áfengis- og vímuefna er óheimil innan veggja Ævintýralandsins og lýsi því yfir að ég er og verð ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ég nota aðstöðu Ævintýralandsins. Gildir þetta ekki um sérstaka viðburði þegar notkun áfengis verður sérstaklega heimil.
7. Ég er upplýstur um og samþykki að Ævintýralandið hefur rétt til þess að neita mér um aðgang að tækjum Ævintýralandsins og/eða vísa mér brott ef starfsfólk Ævintýralandsins telur framkomu mína eða athafnir hvers konar ógna öryggi í Ævintýralandinu eða hafi áhrif á að öryggi annarra gesta sé ógnað.
8. Ég er upplýstur um og samþykki að brot á reglum Ævintýralandsins eða óviðeigandi hegðun eða framkoma getur leitt til þess að mér verði vísað brott án réttar til endurgreiðslu á aðgangseyri.
9. Ég lýsi því yfir að ég hef fullnægjandi heilsu til að nota tæki og búnað Ævintýralandsins og að engin heilsuvandamál hrjái mig sem eru á því stigi að áhrif geti haft á öryggi mitt eða annarra gesta Ævintýralandsins. Þá hef ég upplýst Ævintýralandið um annað ástand mitt sem kann að hafa áhrif á getu mína til þess að nota tæki og búnað Ævintýralandsins.
10. Mér er fullkunnugt að börnum yngri en sex ára og barnshafandi konum er óheimilt að fara inn í Skrímslið (stóra loftkastalann) í Ævintýralandinu. Börn undir átta ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum. Mér er kunnugt um að börn eldri en sex ára er óheimilt að fara inn í litla Skrímslið (litla loftkastalann) í Ævintýralandinu.
11. Mér er kunnugt um að allur matur og drykkur er bannaður í tækjum og búnaði Ævintýralandsins. Einungis matur seldur af Ævintýralandinu er heimill á svæði Ævintýralandsins. Starfsfólk Ævintýralandsins hefur

heimild til að fjarlægja allan annan mat og drykk. Reykingar, (þ.m.t. rafréttur) eru stranglega bannaðar á svæði Ævintýralandsins. Gæludýr eru ekki leyfð á svæðinu.

12. Mér er kunnugt um að allir hlutir sem taldir eru hættulegir eða ætlaðir til að skaða verða gerðir upptækir og ekki skilað aftur. Bannaðar hlutir eru til dæmis oddhvassir hlutir, kveikjarar, glerflöskur, flugeldar, eldfimur vökvi og áfengi.
13. Mér er kunnugt um að svæði Ævintýralandsins er vaktað með myndavélum í því skyni að tryggja öryggi viðskiptavina Ævintýralandsins og tryggja að viðskiptavinir fari eftir þeim leiðbeiningum og reglum sem gilda við notkun einstaka tækja og annars búnaðar Ævintýralandsins.
12. Mér er kunnugt um að myndatökur gætu mögulega farið fram, ljósmyndun og/eða myndbandsupptökur, þar sem gestir gætu verið á mynd. Með því að samþykka yfirlýsingu þessa samþykkir undirritaður að Ævintýralandið eða annar viðurkenndur aðili megi nota slíkar myndir eða myndbönd í hvaða kynningar-, auglýsinga- eða kynningarefni á hvaða sniði sem er. Einnig samþykkir undirritaður með undirritun á yfirlýsingu þessari að höfundarréttur á þessu efni er eign Ævintýralandsins.
13. Mér er kunnugt að Ævintýralandið áskilur sér rétt til að breyta, loka eða fjarlægja hluta brautarinnar án fyrirvara af tæknilegum, rekstrarlegum eða öðrum ástæðum. Engar endurgreiðslur verða gefnar af þessum ástæðum.
14. Mér er kunnugt um að hver miði gildir aðeins einu sinni og miðinn gildir í eina klukkustund. Miðar eru ekki endurgreiddir vegna afpantana eða ef fólk mætir ekki.
15. Mér er kunnugt um að önnur starfsemi í Perlunni er Ævintýralandinu óviðkomandi og að aðrir rekstraraðilar í Perlunni bera enga ábyrgð á þeirri starfsemi sem fram fer í Ævintýralandinu.
16. Með undirritun minni (foreldrar eða aðrir ábyrgðaraðilar í tilviki barna), veiti ég samþykki mitt og staðfestingu á yfirlýsingu þessari. Yfirlýsing þessi er vistuð með öruggum hætti í húsakynnum Ævintýralandsins í Perlunni sem er einungis aðgengilegur takmörkuðum hópi starfsmanna. Yfirlýsingin er einungis til notkunar fyrir Ævintýralandið, og gætt verður trúnaðar um hana og hún ekki afhent 3. aðila nema að undangengnum dómi eða samkvæmt lagaboði. Vistun og meðferð upplýsinganna munu ávallt vera í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu Ævintýralandsins sem sett er á grundvelli gildandi persónuverndarlöggjafar. Ævintýralandið kann þó að hagnýta sér, innanhúss, upplýsingar um viðskiptavini eða einstaka hópa viðskiptavina án persónugreiningar þeirra en þó einungis í tilgangi markaðsgreiningar fyrir Ævintýralandið.

Ég staðfesti hér með að ég hef lesið og skilið ábyrgðaryfirlýsingu þessa og er upplýstur um að yfirlýsing þessi er samningur milli mín og Ævintýralandsins vegna þeirra atriða sem finna má í ábyrgðaryfirlýsingu þessari. Ábyrgðaryfirlýsing þessi er ótímabundin.

Undirritun: _____

Fullt nafn og kennitala: _____

Tölvupóstur: _____

Nafn barns og kennitala: _____